

Reglur um úthlutun styrkja sem forsætisráðherra veitir til verkefna og viðburða á sviði jafnréttismála

1. gr. *Tilgangur*

Forsætisráðherra veitir styrki til verkefna og viðburða á sviði jafnréttismála einu sinni á ári með heimild í 42. gr. laga um opinber fjármál.

Styrkir eru veittir samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni að fenginni tillögu starfshóps.

2. gr. *Starfshópur*

Ráðherra skipar þriggja manna starfshóp úr forsætisráðuneytinu sem hefur það hlutverk að meta styrkhæfi umsókna og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Starfshópurinn skal skipaður fulltrúum með þekkingu á sviði jafnréttismála.

3. gr. *Styrkir*

Styrkjum skal úthlutað til ákveðinna verkefna eða viðburða til eins árs í senn.

Styrkveitingar samkvæmt reglum þessum taka ekki til einstaklinga, að þeim undanskildum sem sækja um styrk vegna doktorsverkefna.

Hver einstakur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en tveimur milljónum króna (2.000.000 kr.).

Ekki eru veittir styrkir til reksturs félagsamtaka. Með rekstri er m.a. átt við rekstur skrifstofu, þ.m.t. greiðslu húsaleigu.

Ekki er heimilt að veita styrki til verkefna eða viðburða sem hljóta styrk á fjárlögum eða verkefna sem falla undir sjóði ráðuneytisins eða samninga við það.

Ekki eru veittir ferðastyrkir eða styrkir til bæjarhátíða.

Hvorki verður veittur styrkur fyrir nefndarsetur né BA/BS- eða meistaraþrófsverkefni.

Styrkveitingar samkvæmt reglum þessum taka ekki til ríkisstofnana og sveitarfélaga.

4. gr. *Auglýsingar*

Ráðuneytið auglýsir í október ár hvert eftir umsóknum um styrki. Ákveði ráðherra að leggja áherslu á ákveðin málefni innan málaflokksins skal það koma fram í auglýsingu og njóta þau verkefni að jafnaði forgangs.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, leiðbeiningar um gerð umsókna á þar til gerðum eyðublöðum, auk upplýsinga um umsóknarfrest og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

5. gr. *Umsóknir*

Umsókn skal skilað með rafrænum hætti á þar til gerðu umsóknareyðublaði og skal hún bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- Upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur.
- Upplýsingar um aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
- Nafn þess sem annast samskipti við ráðuneytið.

- d) Nákvæm lýsing á verkefni eða viðburði, markmiðum og þýðingu fyrir umsækjanda og aðra.
- e) Tíma- og verkáætlun.
- f) Fjárhagsáætlun, þar sem koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið eða viðburðinn og styrkfé sem fengist hefur eða sótt hefur verið um.
- g) Staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.

Hafi umsækjandi áður fengið úthlutaðan styrk til verkefna eða viðburða hjá ráðuneytinu þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn verði tekin til umfjöllunar.

6. gr.

Mat á umsóknum

Við mat á styrkhæfi umsókna og veitingu styrkja tekur starfshópurinn skv. 2. gr., mið af eftirtöldum atriðum, auk þeirra skilyrða sem talin eru í 3. gr. og 5. gr.:

- a) Gildi og mikilvægi verkefnis fyrir jafnréttismál.
- b) Nýnæmi og sérstaða verkefnisins.
- c) Hvort markmið verkefnis séu skýr, hvernig markmiðum sem að er stefnt verði náð og hvernig árangur verkefnis verði metinn.
- d) Starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda.
- e) Fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Við mat á umsóknum er starfshópnum heimilt að leita umsagnar annarra fagaðila, gerist þess þörf.

7. gr.

Úthlutun og skilmálar

Starfshópurinn gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun styrkja. Tillögur starfshópsins skulu vera skriflegar og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á matsferlinu og málsmeðferð umsóknar. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Við móttöku á styrk ábyrgist styrkþegi að honum verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur styrkþegi sig til að skila greinargerð um framvindu verkefnisins og fjárhagsuppgjöri. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglum þessum eða eru tilgreindir sérstaklega í úthlutunarbréfi eða samningi.

Heimilt er að binda styrkveitingar skilyrðum og gera samninga við styrkþega er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er. Lokagreiðsla styrkfjár kemur í slíkum tilvikum að jafnaði ekki til greiðslu fyrr en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis ásamt fjárhagsuppgjöri.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk innan þess tíma fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun birtir ráðuneytið nöfn styrkþega, heiti verkefnis og upphæð styrks á vefsvæði sínu.

8. gr.

Upplýsingagiöf, uppgjör og endurkröfuréttur ráðuneytis

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni ráðuneytisins um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið.

Styrkþegum er skylt að tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta, ásamt kostnaði við innheimtu. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkþegi skal senda ráðuneytinu greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör þess í síðasta lagi fyrir lok þess árs sem styrkurinn er veittur til.

9. gr.

Kynningarefni tengt verkefni

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv., sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af forsætisráðuneytinu.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra.

Forsætisráðuneytinu, 19. júní 2023

Fyrir hönd forsætisráðherra,


Bryndís Hlökkversdóttir.


Steinunn Valdís Óskarsdóttir.